

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar.

**Erindi til að vekja athygli á mikilli truflun sem framkvæmdir við flugvöll valda fuglalífi.**

Undanfarin ár hefur verið unnið að brýnum snjóflóðavörnum í Hafnarfjalli Siglufirði. Undirbúningsvinna hefur farið fram við flugvöllinn með samsetningu stálginda áður en þær eru fluttar með þyrlu upp í fjallið. Þessi þáttur framkvæmdanna hafði gengið allvel í nokkur ár eins og okkur hefur virst sem fylgjumst með úr nálægð - þó hefur mátt merkja nokkra truflun á varpi fugla vegna þyrluflugsins.

Í fyrra, árið 2023, var þó mikil breyting á. Þá var grindunum raðað strjált og mun lengra til norðurs en áður og olli það miklu ónæði fyrir varp fjölda fugla sín hvoru megin brautarinnar. Þyrluflugið í two eða þrjá daga gerði þó útslagið.

Á þessum slóðum verpir fjöldi fugla af mörgum tegundum og á síðustu árum hófu nýjar tegundir varp sem aldrei höfðu sést fyrr í Siglufirði, svo sem lómar og flórgoðar. Til að gera langa sögu stutta þá misfórust vorið 2023 þrjú flórgoðahreiður og tvö lómahreiður við Saurbæjarkíla. Auk þess dróst varp æðarfugls saman um 25% frá fyrri árum eða um amk 100 hreiður. Í dúni talið eru það amk 1,7 kg eða að 350 þús. kr. verðmæti. Það skal þó tekið fram að mesta tjónið er af fyrrgreindum sjaldgæfu tegundum sem óvist er að skili sér til varps á ný.

Hvað er til ráða? - ætti að vera auðgert. Skipulags- og umhverfisnefnd getur óskað þess við framkvæmdaaðila og Sigurð Hlöðvesson eftirlitsmanns Ofanflóðasjóðs að grindaframkvæmdum og þyrluflugi verði haldið sem mest við suðurhluta svæðisins – í stað þess að teygja það á langinn norður eftir allri flugbraut. Þannig mætti hlísa viðkvæmu fuglalífi.

Það skal tekið fram að varp villtra fugla er friðað með lögum.

Afrit þessa bréf verður sent Sigurði Hlöðvessyni.

Virðingafyllst í von um jákvæðar undirktir við erindinu.

Siglufirði 29. apríl 2024.



Örlygur Kristfinnsson

P.s. Fyrir ári skriffaði undirritaður bréf til skipulags- og umhverfisnefndar og óskaði eftir leyfi til að lagfæra grjótvörn á Granda til að hindra sjávarrof og landbrot á staðnum. Í svari frá nefndinni kom fram að þessi grjótvörn heyri undir Vegagerðina og að starfsmaður tæknideildar myndi setja sig í samband við stofnunina. Er eitthvað að fréttu af málinu? - ÖK